

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 26. október 1990

um breytingu á tilskipun ráðsins 78/663/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum**(90/612/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að taka til greina endurskoðaðar forskriftir í matvælaskránni *Codex alimentarius* yfir efnin E 407 og E 466, heimila nýja tækni við framleiðslu E 473 og gera greinarmun á efninu E 407, eins og því er lýst í viðauka við tilskipun ráðsins 78/663/EBE ⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 82/504/EBE ⁽³⁾, og sambærilegum efnum sem ekki er fjallað um í viðaukanum.

Haft hefur verið samráð við vísindanefndina um matvæli, í samræmi við 6. gr. tilskipunar 89/107/EBE, um þau ákvæði sem líkleg eru til að hafa áhrif á almannaheilbrigði.

Ráðstafanirnar í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauka við tilskipun 78/663/EBE er hér með breytt í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12 mánuðum frá birtingu hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi lagaákvæði skal í þeim vera tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu samþykkja málsmeðferð fyrir slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. október 1990.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 223, 14. 8. 1978, bls. 7.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 230, 5. 8. 1982, bls. 35.

VIÐAUKI

1. Í E 407 — Karragenan, komi eftirfarandi í stað liðarins um óleysanlega ösku í 1% brennisteinssýru (v/v):

„aska, óleysanleg í sýru (óleysanleg í 10% w/v saltsýru)	ekki meira en 1% þurrefnis
efni, óleysanleg í sýru (óleysanleg í 1% v/v brennisteinssýru)	ekki meira en 2% þurrefnis.“

2. Í E 466 — Karboxímetylsellulósi, komi eftirfarandi í stað liðarins um sameindapunga:
„hærra en um það bil 17 000 (fjölliðunarstig um það bil 100)“.
3. Í E 473 — Súkrósaesterar:

- a) Í stað síðasta málsliðar í liðnum um kemísku lýsinguna komi eftirfarandi málsliður:
„Ekki skulu notaðir aðrir lífrænar leysar við tilreiðslu þeirra en dímetýlsúlfoxíð, dímetýlformamíð, etýlasetat, ísóprópanól og ísóbutánól“;
- b) undir liðnum um sulfatmettaða ösku bætist við eftirfarandi liður:
„dímetýlsúlfoxíðinnihald | ekki meira en 2 mg/kg“;
- c) undir liðnum um metanólinnihald bætist við eftirfarandi liður:
„ísóbútanólinnihald | ekki meira en 10 mg/kg“.
-